



Diplóma í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu

Executive diploma in public administration for health administrators

Aðstandendur og samstarfsaðilar

Stjórn málafræðideildar HÍ um námið eru:

Viðskiptafræðideild, Hagfræðideild, Heilbrigðisvísindasvið, heilbrigðisráðuneytið, Landspítali háskólasjúkrahús, Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu, Landssamband sjúkrahúsa, Félag forstöðumanna sjúkrahúsa og Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu. Samráðs og samstarfs verður leitað við erlenda aðila á sviði stjórnunar, stjórnsýslu og heilbrigðismála.





Frá undirritun samstarfssamnings um Diplóma í opinberri stjórnýsly fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu 21. maí 2010. Frá vinstri: Kristín Ingólfssdóttir háskólaektor, Björn Zoëga, Þorgerður Einarsdóttir, Þórólfur Matthíasson, Sveinn Magnússon, Ásta Möller, Ingjaldur Hannibalsson, Gísli Páll Pálsson, Svanhvit Jakobsdóttir, Árni Sverrisson, Halldór Jónsson og Guðmundur Þorgeirsson.

Nýr valkostur fyrir núverandi og verðandi stjórnendur í heilbrigðisþjónustu

Breyttar aðstæður í íslensku samfélagi hafa aukið kröfur til stofnana samfélagsins um skilvirkni, markvissa nýtingu mannaúts, aukin gæði þjónustu með lægri tilkostnaði og vandaða málsmeðferð. Það á við um stjórnendur í heilbrigðisþjónustu, sem eru í forystu við innleiðingu nýjunga í þjónustu við skjólstæðinga sína um leið og þeir þurfa að mæta kröfum um árangursríkar starfsaðferðir í rekstri og stjórnun heilbrigðisstofnana.

Stjórnendur á heilbrigðisstofnunum hafa velflestir að baki langan námsferil og reynslu á sínu sérsviði t.d. í læknisfræði, hjúkrunarfræði, sjúkrapjálfun og lyfjafræði svo fátt eitt sé nefnt. Margir þeirra hafa lýst áhuga á möguleikum á að efla stjórnunarþekkingu sína og öðlast dýpri skilning á starfsumhverfi heilbrigðisstofnana sem hluti af opinberum rekstri.

Stjórn málafræðideild í samstarfi við Viðskiptafræðideild, Hagfræðideild og Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands annars vegar, og heilbrigðisráðuneytið, Landspítali háskólasjúkrahús, Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu, Landssamband sjúkrahúsa, Samtök fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, Félag forstöðumanna sjúkrahúsa hins vegar hafa tekið höndum saman um þróun slíks náms innan Háskóla Íslands. Stofnun stjórnýslufræða og stjórn mála við HÍ mun annast framkvæmd samstarfssamningsins.

Námið er hluti af meistaranámsframboði Stjórn málafræðideildar. Það er þverfaglegt og lýkur með diplómaprófi. Inntökuskilyrði eru BA- eða BS-próf eða sambærilegt próf. Ekki er gerð krafa um fyrstu einkunn en kjósi nemendur að halda áfram og ljúka MPA-prófi, verða þeir að ná fyrstu einkunn að meðaltali úr diplómanáminu. Engin skólagjöld eru í Háskóla Íslands en væntanlegir nemendur greiða skráningargjald, kr. 45.000,- fyrir háskólaárið 2010-2011, auk bóka- og kostnaðar. Sækja má um styrki til starfsmenntasjóða fyrir þeim kostnaði að hluta eða öllu leyti, eftir því sem reglur segja til um.

Það er von okkar sem að þessu námi stöndum, að þetta skref verði bæði stjórnendum í heilbrigðisþjónustu og þeim er þjónustu njóta til heilla.

Þorgerður Einarsdóttir, deildarforseti Stjórn málafræðideildar / Ingjaldur Hannibalsson, deildarforseti Viðskiptafræðideildar / Þórólfur Matthíasson, prófessor hagfræðideild / Guðmundur Þorgeirsson, deildarforseti læknadeildar f.h. Heilbrigðisvísindasviðs / Ásta Möller, forstöðumaður Stofnunar stjórnýslufræða og stjórn mála / Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri f.h. Álfheiðar Ingadóttur heilbrigðisráðherra / Björn Zoëga, forstjóri Landspítala háskólasjúkrahús / Svanhvit Jakobsdóttir, forstjóri Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu / Halldór Jónsson, formaður Landssambands sjúkrahúsa / Árni Sverrisson, formaður Félags forstöðumanna sjúkrahúsa / Gísli Páll Pálsson, formaður Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu

Diplóma í opinberri stjórnáslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu

Executive diploma in public administration for health administrators

Markhópur

Námið er ætlað stjórnendum í heilbrigðisþjónustu sem hafa mannaforráð og umtalsverða rekstrarábyrgð svo og þeim sem hafa hug á að hasla sér völl á þeim vettvangi. Inntökuskilyrði eru BA/BS eða B.Ed-próf eða sambærilegt.

Markmið námsins

Markmið námsins er að efla nemendur sem stjórnendur með sérstakri áherslu á viðfangsefni stjórnenda í heilbrigðisþjónustu m.a. þann lagaramma sem hún starfar eftir. Nemendur öðlist þekkingu á kenningarlegum bakgrunni og hagnýtri notkun helstu stjórnunaraðferða sem notaðar eru hjá hinu opinbera og í heilbrigðisþjónustu, bæði almennar og sértækar stjórnunaraðferðir m.a. á sviði mannauðs-stjórnunar, fjárreiðustjórnunar, áætlanagerðar og forystufræða, auk beitingu aðferða heilsuhagfræðinnar og lýðheilsufræða. Kynntir verða nýjustu straumar og stefnur í stjórnun heilbrigðisstofnana.

Fjölbreyttur og reynslumikill hópur

Diplómanámið er þverfaglegt nám á meistarastigi og er það samsett úr námskeiðum úr fjórum ólíkum deildum. Nemendur fá því tækifæri að kynnst fólki með ólíka menntun og starfsreynslu sem á það sameiginlegt að vilja efla fræðilega og hagnýta þekkingu sína á sviði stjórnunar, bæði hins opinbera og á almennum markaði. Nemendur hafa starfað á ólíkum sviðum hins opinbera, í ráðuneytum, stofnunum, sveitarfélögum, jafnt sem á almennum markaði, en einnig koma margir úr félags- og stjórnálastarfi, auk nemenda sem koma beint úr BA-námi. Með virkri þátttöku í kennslustundum og hópastarfi miðla nemendur reynslu sinni og tengja hana umfjöllun námskeiða. Slíkt gefur náminu aukili gildi og eykur möguleika nemenda á að kynnst viðfangsverkefnum stjórnenda á öðrum starfssviðum.

Umfang, fjarnám og tímasetningar

Námið er 30 eininga nám á meistarastigi, sem samsvarar misserisöngu námi, en getur tekið heilt ár samhliða starfi. Náminu lýkur með diplómaprófi í opinberri stjórnáslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu. Hægt er að hefja námið hvort sem er að hausti eða um áramót. Námið samanstendur af fimm námskeiðum, tvö að hausti og tvö að vori, auk eins námskeiðs, Akademiú fyrir framtíðarstjórnendur heilbrigðisstofnana, sem kennt er frá apríl til júní ár hvert. Sum námskeiðanna standa til boða sem fjarnámskeið. Akademián er kennd í þremur til fjórum lotum

með verkefnum á milli og þar koma saman þeir sem hefja jafnt nám á haust- og vormisseri. Hún er eingöngu ætluð nemendum í diplómanámi fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu. Viðfangsefnin eru valin í samráði við samstarfsaðila námsins og eiga m.a. að endurspeglar það sem er efst á baugi í stjórnun heilbrigðisstofnana. Erlendir fræðimenn munu flytja fyrirlestra á námskeiðinu. Markþjálfun er fyrir hvern og einn nemanda.

Öflugir kennarar

Kennarar, sem koma úr röðum fastra kennara Stjórnáslufræðideildar, Viðskiptafræðideildar, Hagfræðideildar og Heilbrigðisvísindasviðs, eru fræðimenn sem stundað hafa rannsóknir á sínum sérsviðum til margra ára t.d. á sviði opinberrar stjórnáslu, stjórnunar og rekstrar. Þeir hafa lokið prófum frá virtum erlendum háskólum og eru eftirsóttir álitsgjafar stjórnvalda og fjölmiðla. Við meistaranámið starfar einnig stór hópur stundakennara sem hafa fjölbreytta reynslu og þekkingu á sérsviðum sínum og búa margir þeirra yfir yfirgripsmikilli hagnýtri reynslu sem nýtist nemendum vel.

Innlendir og erlendir straumar – opnir fyrirlestar, nám og rannsóknir

Mikil deigla er í íslensku samfélagi og uppgjör á ýmsum sviðum, sem mun leiða til varanlegra breytinga í íslensku samfélagi á komandi tímum. Hið sama á við á erlendum vettvangi, þar sem nýjar hugmyndir koma fram og breytingar gerast hratt. Þessi deigla endurspeglar m.a. í starfi Stjórnáslufræðideildar, sem og samstarfsdeilda hennar um diplómanám í opinberri stjórnáslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu. Deildin er í samstarfi við innlendar og erlendar stofnanir, samtök og fyrirtæki, erlenda fræðimenn og háskóla. Þetta samstarf endurspeglar m.a. í grósku í starfi fjögurra stofnana sem Stjórnáslufræðideild rekur eða á aðild að, en það er Stofnun stjórnáslufræða og stjórnásla, Félagsvísindastofnun, Alþjóðamálastofnun og Rannsóknarsetur um smáriki. Innan samstarfsdeilda Stjórnáslufræðideildar um diplómanám í opinberri stjórnáslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu starfa jafnframt stofnanir eins og Hagfræðistofnun og Viðskiptafræðistofnun, auk fjölmargra rannsóknarstofnana á sviði heilbrigðisvísinda. Stofnanirnar skipuleggja fjölda opinna viðburða sem nemendur eru hvattir til að sækja samhliða námi sínu. Boðið er upp á fyrirlestra, málstofur og umræðufundi um málefni er tengjast stjórnáslum og stjórnáslu, en einnig á sviði rekstrar og stjórnunar, auk heilbrigðisvísinda.

Diplómanám í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu



Námskeið

Diplómanám í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu er sérstaklega skipulögð áherslulína í opinberri stjórnsýslu innan Stjórn málafræðideildar og er hún ein þriggja leiða í diplómanámi innan deildarinnar. Hinar eru diplómanám í opinberri stjórnsýslu og diplómanám í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í opinberum rekstri.

Sem fyrr segir samanstendur námið af fimm námskeiðum. Þrjú þeirra eru skyldunámskeið og er þar af bundið val á milli tveggja námskeiða, Opinberra stjórnsýslu og Stjórnsýsluréttar fyrir stjórnendur og starfsmenn opinberra stofnana. Hin tvö skyldunámskeiðin eru Inngangur að rekstri og Akadémía fyrir framtíðarstjórnendur í heilbrigðisþjónustu. Valnámskeið eru tvö og geta nemendur valið úr fjölbreyttu úrvali námskeiða úr þeim fjórum deildum sem eru í samstarfi um námið. Námskeiðin spanna ýmis stjórnunarfræðileg viðfangsefni m.a. á sviði stjórnunar heilbrigðisstofnana, gæðastjórnunar, mannauðsstjórnunar, fjárreiðustjórnunar, forystu- og breytingastjórnunar, verkefnastjórnunar og stefnumíðaðrar stjórnunar, auk námskeiða í heilsuhagfræði og lýðheilsu.

Uppbygging námsins

A. Skyldunámskeið (18e)

1. Bundið val milli námskeiða í **OSS111F** Opinberri stjórnsýslu (6e) (haust) og **OSS204F** Stjórnsýsluréttar fyrir stjórnendur og starfsmenn opinberra stofnana (6e) (vor)
2. **VIÐ103F** Inngangur að rekstri (6e)
3. **OSS213F** Akadémía fyrir framtíðarstjórnendur í heilbrigðisþjónustu (6e)
 - a. Lagarammi og stjórnkerfi íslenskrar heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisviðfræði
 - b. Gæðavísar í heilbrigðisþjónustu
 - c. Framtíðarstjórnendur og nýjar stjórnunaraðferðir í heilbrigðisþjónustu (m.a. Lean management, áhættustjórnun og áhættugreining og framleiðslumælikerfi)
 - d. Heilbrigði í alþjóðlegu samhengi (Global health)

B. Valnámskeið (12e) velja tvö af eftirfarandi námskeiðum:

Frá Stjórn málafræðideild:

1. **OSS112F** Forysta og breytingastjórnun í opinberum rekstri-hlutverk stjórnenda (6e) haust
2. **OSS210F** Fjármálastjórnun í opinberum rekstri (6e) vor
3. **OSS102F** Mannauðsstjórnun ríkis og sveitarfélaga (6e) haust (eða Mannauðsstjórnun frá Viðskiptadeild, en ekki hægt að velja bæði námskeiðin)

Frá Viðskiptafræðideild

1. **VIÐ210F** Stefnumiðuð stjórnun (6e) vor
2. **VIÐ201F** Verkefnastjórnun og ráðgjöf (6e) vor
3. **VIÐ102F** Mannauðsstjórnun (6e) haust (eða Mannauðsstjórnun ríkis og sveitarfélaga frá Stjórn málafræðideild, en ekki hægt að velja bæði námskeiðin)

Frá Hagfræðideild

1. **HAG107F** Heilsuhagfræði I (6e) haust
2. **HAG210F** Þættir í heilsuhagfræði (6e) vor

Frá Heilbrigðisvísindasviði

1. **LÝÐ101F** Lýðheilsa: Vísindi, stjórn mála, forvarnir (6e) haust
2. **LÝÐ203F** Áhrifavaldar heilbrigðis – forvarnir (6e) vor

Námskeiðslýsingar



Skyldunámskeið

1. Bundið val milli námskeiða í opinberri stjórnáslu og stjórnáslurétti fyrir stjórnendur og starfsmenn opinberra stofnana.

OSS111F Opinber stjórnásla (6e) haust

Í námskeiðinu er farið yfir grundvallarhugtök stjórnáslufræðinnar, kynntar kenningar um skipulagsheildir og lýst þróun stjórnáslufræðinnar sem fræðigreinar. Fjallað er um megineinkenni opinberra stjórnáslu á Íslandi, þar á meðal mótun- arþætti hennar og grundvallaruppbyggingu. Áhersla er lögð á að skýra í hvaða skilningi opinber stjórnásla er pólitískt eðlis og hvaða afleiðingar það hefur fyrir starfshætti hennar og uppbyggingu

EDA

OSS204F Stjórnásluréttur fyrir stjórnendur og starfsmenn opinberra stofnana (6e) vor

Fjallað verður m.a. um uppbyggingu stjórnáslukerfisins, þar á meðal stöðu sveita- stjórnna í stjórnáslukerfinu, þær reglur sem gilda um meðferð stjórnáslumála hjá stjórnvöldum, bæði ríkis og sveitarfélaga, um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum hjá stjórnvöldum, þagnarskyldu starfsmanna stjórnáslunnar, um raf- ræna stjórnáslu, svo og um þá grundvallarreglu að stjórnáslan er lögbundin. Fjallað verður um lögmætisregluna og heimild stjórnvalda til töku þjónustugjalda. Þá verður fjallað um þær leiðir sem færar eru fyrir aðila til þess að fá stjórnvalds- ákvörðun endurskoðaða. Námskeiðið er einkum ætlað þeim, sem koma til með að vinna hjá ríki eða sveitarfélögum, eða þurfa að hafa í starfi sínu samskipti við stjórnvöld.

2. VIÐ103F Inngangur að rekstri (6e) haust

Markmiðið með námskeiðinu er að gefa nemendum breiða og haldgóða innsýn í ýmsar forsendur og lögmál sem nauðsynlegt er að þekkja við rekstur bæði fyrir- tækja og stofnana. Námskeiðið er tvískipt þar sem annar hlutinn miðar að því að gefa innsýn í viðfangsefni rekstrarhagfræðinnar og hinn hlutinn viðfangsefni fjár- mála. Námskeiðið er skyldunámskeið fyrir meistaranema í mannauðsstjórnun og opið meistaranemendum í öðrum deildum. Það er sérstaklega sniðið að þörfum meistaranemenda sem hafa tekið fá eða engin námskeið í hagfræði eða stjórnun í grunnnámi. Nemendur í MS námi í Viðskipta- og hagfræðideild geta ekki nýtt einingar fyrir þetta námskeið sem hluta af MS námi sínu.

3. Akademia fyrir framtíðarstjórnendur í heilbrigðisþjónustu (6e) apríl-júní

- Lagarammi og stjórnkerfi íslenskrar heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisfræði
- Gæðavísar í heilbrigðisþjónustu
- Framtíðarstjórnendur og nýjar stjórnunaraðferðir í heilbrigðis- þjónustu m.a. straumlínustjórnun (lean management), áhættustjórnun og áhættugreining og framleiðslumælikerfi. Stjórnunarmat
- Heilbrigði í alþjóðlegu samhengi (Global health)

Akademia fyrir framtíðarstjórnendur í heilbrigðisþjónustu er sérskipulagt nám- skeið aðeins ætlað nemendum diplómanáms í opinberri stjórnáslu fyrir stjórn- endur í heilbrigðisþjónustu. Í námskeiðinu verður m.a. fjallað um innleiðingu og notkun gæðavísa í heilbrigðisþjónustu, nýjar stjórnunaraðferðir í heilbrigðisþjón- ustu þ.á.m. notkun framleiðslumælikvarða, áhættustjórnun og áhættumat svo og straumlínustjórnun (e. lean management) sem hlutabreytingastjórnunar. Einnig verður fjallað um lagalega umgjörð og uppbyggingu stjórnkerfis íslenskrar heil- brigðisþjónustu og hún sett í alþjóðlegt samhengi.

Hlutverk og hæfni stjórnenda hins opinbera: Hæfni – mat – þróun – Fyrirlestrar verða haldnir um lykilhæfni stjórnenda hins opinbera, kynntar rannsóknir þar að lútandi og fá nemendur aðstoð við að vinna einstaklingsbundið 360 gráðu mat sem unnið er uppúr Handbók um stjórnunarmat. Á grunni þeirra niðurstaða fá nemendur ráðgjöf um þá þætti sem þeir verða að þróa til að ná sem bestum árangri. Námskeiðið er skipulagt í þremur til fjórum lotum með verkefnum á milli sem eru grundvöllur námsmats. Í námskeiðunum eru valin viðfangsefni sem á hverjum tíma eru ofarlega á baugi innanlands og erlendis og eru ekki hluti af skyldunámskeiðum. Þau eru valin í samráði við samstarfsaðila námsins. Erlendis og innlendir fræðimenn munu flytja fyrirlestra á námskeiðinu.

Valnámskeið

velja tvö (2) af eftirfarandi námskeiðum:

Frá Stjórn málafræðideild (3 námskeið)

OSS112F Forysta og breytingastjórnun í opinberum rekstri-hlutverk stjórnenda (6e) haust

Að taka forystu fyrir breytingum er í vaxandi mæli þáttur í störfum stjórnenda hins opinbera. Umhverfi og innra starf opinberra stofnana hefur breyst umtalsvert á undanförunum tíu til fimmtán árum og þar með hlutverk þeirra er þar stjórna. Breytingar á verkefnum, auknar kröfur um árangur, hagkvæmni, upptaka nýrra stjórnunaraðferða, bætt tengsl við borgarana og aukin áhrif þeirra á starfsemi hins opinbera og fleira gera nýjar kröfur til starfshátta stjórnenda í opinberum stofnunum. Þeir verða í vaxandi mæli að vera í forystu breytinga innan stofnana, talsmenn gagnvart fjölmiðlum og hagsmunahópum. Þessi krafa nær til æðstu stjórnenda, og að miklu leyti til millistjórnenda. Þessu námskeiði er ætlað að búa nemendur í opinberri stjórnsýslu undir þennan þátt í þeirra framtíðarstörfum, ásamt því að fjalla um leiðir til þess að komast í forystustörf innan stofnana, halda þeim og takast á við átök sem oftast fylgja forystuhlutverki. Nemendur sem hyggja á önnur störf en hjá opinberum aðilum geta einnig haft gagn af þessu námskeiði, þótt aðstæður þar séu aðrar.


OSS210F Fjármálastjórnun í opinberum rekstri (6e) vor

Í námskeiðinu er fjallað um aðferðir sem þróast hafa um fjármál hins opinbera, hvað liggur að baki þeim, hvernig þær birtast okkur í raunveruleikanum og hvernig þeim er beitt til að takast á við viðfangsefnið. Skoðuð eru útgjöld hins opinbera og aðferðir við að reyna að stýra þeim. Fjárlög og fjárlagagerð, kenn-

Meistaránám í opinberri stjórnsýslu hefur reynst mér afar vel í starfi mínu sem stjórnandi í heilbrigðisþjónustunni. Ég hafði áður lokið diplómanámi í stjórnun og rekstri heilbrigðisþjónustu og langaði í frekara nám til að víkka sjónvinkul minn, sem MPA-námið gerði svo sannarlega. Námið var skemmtileg blanda af fræðilegum og hagnýtum greinum. Nemendur komu víða að úr stjórnsýslunni og fyrir vikið sköpuðust oft mjög gagnlegar umræður þar sem reynsla og fræði fléttuðust saman.



Vilhelmina Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri lyflækningasviðs á Landsspítala – háskólasjúkrahúsi, MPA 2008



ingar, skilgreiningar og hugmyndir sem fram hafa komið á því sviði. Tekjuhlíðin skoðuð, framsetning ráðuneyta og stofnana á fjárför, skilvirkni aðferðanna, hvað beri að varast og hvað sé líklegt til árangurs.

OSS102F Mannauðsstjórnun ríkis og sveitarfélaga (6e) haust

Fjallað er um mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera. Farið er yfir lög og reglur sem gilda um réttarsamband opinberra starfsmanna við vinnuveitendur, samskipti á vinnuarkaði og uppbyggingu launakerfis opinberra starfsmanna. Rætt er um helstu tæki og tól við mannauðsstjórnun svo sem mannauðskerfi, aðferðir við val á starfsmönnum, notkun starfs- og árangursmats, starfsmannasamtöl og mótun og eftirfylgni með starfsmannastefnum. Fjallað verður um sálfræðilega samninginn, ýmis vandamál sem upp geta komið á vinnustað og vinnuvernd og öryggismál.

Upplýsingar:

Umsóknarfrestur um diplómanámið er til 5. júní eða 30. nóvember. Rafræn umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu stjórn málafræðideildar, www.stjornmal.hi.is.

Kostnaður: Árlegt innritunargjald Háskóla Íslands.

Nánari upplýsingar um námið veita:
Elva Ellertsdóttir, deildarstjóri s. 525 4573,
netfang: elva@hi.is

Ásta Möller, forstöðumaður s. 525 5454,
netfang: astam@hi.is

Skrifstofa stjórn málafræðideildar er til húsa í Gimli, gengið í gegnum Odda við Sturlugötu s. 525 4573 eða 525 5445.
Opnunartími: mánud. – föstud. 10:00-12:30 og 13:00-15:30.

Kennsluskrá með nánari upplýsingum er að finna á heimasíðu stjórn málafræðideildar: www.stjornmal.hi.is

Útgáfa: 2010–2011



HÁSKÓLI ÍSLANDS
STJÓRN MÁLAFRÆÐIDEILD